

**Handbók framhaldsnáms
við félagsvísinda- og lagadeild
Háskólans á Akureyri**

MA í félagsvísindum

MA í fjölmiðla- og boðskiptafræði

Efnisyfirlit

Framhaldsnám við félagsvísindadeild HA	2
Skipulag framhaldsnáms við félagsvísindadeild HA	3
Hlutverk nemenda í framhaldsnámi	3
Hlutverk leiðbeinenda í framhaldsnámi	3
Hlutverk meistaranevndar	3
Hlutverk umsjónarmanns framhaldsnáms	3
Hlutverk náms- og matsnefndar	3
Hlutverk deildarskrifstofu	4
Skil meistararitgerða	4
Mat á meistararitgerðum	4
Meistaránám í félagsvísindum	5
Prófgráða	5
Uppbygging námsins	5
Umsókn um nám	5
Námsmarkmið meistaránáms í félagsvísindum.....	6
Þekking.....	6
Leikni	6
Hæfni.....	6
Framhaldsnám í fjölmiðla- og boðskiptafræði	7
Prófgráður.....	7
Uppbygging námsins	7
Inntökuskilyrði	7
Námsmarkmið diplómanáms í fjölmiðla- og boðskiptafræðum.....	8
Þekking.....	8
Leikni	8
Hæfni.....	8
Námsmarkmið meistaránáms í fjölmiðla- og boðskiptafræðum	9
Þekking.....	9
Leikni	9
Hæfni.....	9
Viðauki 1. Reglur um rannsóknatengt meistaránám í félagsvísindum.....	10
Viðauki 2. Reglur um framhaldsnám í fjölmiðla- og boðskiptafræði	13
Reglur um meistaránám í fjölmiðla- og boðskiptafræði við Háskólann á Akureyri	13
Viðauki 3. Námsáætlun í rannsóknatengdu framhaldsnám.....	16

Framhaldsnám við félagsvísindadeild HA

Við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri er boðið upp á metnaðarfullt framhaldsnám til meistaraþráðu í félagsvísindum og til diplómaprófs eða meistaraþrófs í boðskipta- og fjölmiðlafræði. Fleiri námsleiðir í framhaldsnámi eru í undirbúningi og verða kynntar síðar.

Kennarar deildarinnar hafa víðtæka reynslu af rannsóknum í hug- og félagsvísindum og leiðbeiningu meistara- og doktorsnema hér á landi og erlendis. Hátt hlutfall kennara miðað við fjölda nemenda í framhaldsnámi stuðlar að sterkari tengslum og meiri stuðningi en víðast hvar annars staðar. Jafnframt tryggir samstarf Háskólans á Akureyri við fjölmarga innlenda og erlenda háskóla nauðsynlega fjölbreytni í framhaldsnáminu.

Brautskráðir nemendur eru afar vel í stakk búnir til að takast á við margvísleg verkefni á vinnumarkaði, hvort sem er við rannsóknir, ráðgjöf, starfsemi frjálsra félagasamtaka eða sjálfseignarstofnana, opinbera þjónustu eða á vegum einkafyrirtækjum. Jafnframt veitir námið traustan undirbúning fyrir frekara nám á háskólastigi, þar með talið doktorsnám við innlenda eða erlenda háskóla.

Þessi handbók veitir upplýsingar um helstu þætti framhaldsnámsins, en í viðauka er jafnframt að finna þær reglur sem gilda um meistaranám í félagsvísindum annars vegar og diplóma- og meistaranám í boðskipta- og fjölmiðlafræði hins vegar.

Nánari upplýsingar og ráðgjöf varðandi umsóknarferlið og skipulag námsins veitir Markus Meckl umsjónarmaður framhaldsnámsins, markus@unak.is. Jafnframt veita kennarar deildarinnar fúslega ráðgjöf og upplýsingar sem varða þeirra sérsvið.

Skipulag framhaldsnáms við félagsvísindadeild HA

Hlutverk nemenda í framhaldsnámi

Nemendur í framhaldsnámi eru ábyrgir fyrir námi sínu og skulu tileinka sér sjálfstæð vinnubrögð. Það er á ábyrgð nemenda að afla sér upplýsinga um reglur sem gilda um námið, fylgja námsskrá og skila lokaverkefnum sem uppfylla settar kröfur.

Meistaránemar skulu velja sér viðfangsefni, gera rannsóknaráætlun og framkvæma hana í samráði við leiðbeinanda. Þeir skulu hafa frumkvæði samskiptum við leiðbeinanda og bera ábyrgð á því að upplýsa hann um framvindu námsins og vandamál sem upp kunna að koma.

Nemendur í framhaldsnámi eru eindregið hvattir til að taka þátt í mánaðarlegum rannsóknarmálstofum við Háskólann á Akureyri þar sem meistaránemar, kennarar og aðrir fræðimenn kynna og ræða rannsóknir sínar.

Hlutverk leiðbeinenda í framhaldsnámi

Sérhver meistaránemi skal frá upphafi náms hafa leiðbeinanda úr hópi fastra kennara við félagsvísindadeild HA. Leiðbeinendur skulu hafa dósent- eða prófessorshæfi og vera virkir í rannsóknum. Verkefni nemandans skal vera á sérsviði leiðbeinandans.

Leiðbeinandi ráðleggur nemendanum um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem náminu tengist. Leiðbeinandi hittir meistaránema að jafnaði einu sinni í viku og veitir honum reglubundna endurgjöf samkvæmt nánara samkomulagi.

Leiðbeinandi ráðleggur nemanda um efnistöð í lokaverkefni, aðstoðar hann við vandamál sem upp kunna að koma og fylgist með framvindu verksins með hliðsjón af rannsóknar- og námsáætlun. Leiðbeinandi situr í meistaraprófsnefnd nemandans, skipuleggur meistaravörn og tekur þátt í lokamati á meistararitgerð ásamt prófdómara.

Hlutverk meistaranevndar

Meistaranevnd er ætlað að veita meistaránema stuðning við ritun meistararitgerðar. Það eiga sæti leiðbeinandi og tveir sérfræðingar á sviði meistararitgerðarinnar. Nefndin samþykkir rannsóknar- og námsáætlun meistaránemans og samþykkir meistararitgerðina að lokinni vörn.

Hlutverk umsjónarmanns framhaldsnáms

Umsjónarmaður framhaldsnáms í viðkomandi deild er leiðbeinendum og nemendum til aðstoðar, veitir upplýsingar um skipulag námsins, gætir þess að reglum um framhaldsnám sé fylgt og veitir ráð vegna álitamála sem upp kunna að koma.

Umsjónarmaður framhaldsnáms gerir tillögur til náms- og matsnefndar um afgreiðslu umsókna og námsáætlana, skipun prófdómara og önnur málefni sem framhaldsnámið varða.

Umsjónarmaður framhaldsnáms skipuleggur rannsóknarmálstofur og aðrar kynningar á verkefnum nemenda í framhaldsnámi og skal honum boðið að sitja kynningu á rannsóknaráætlun og vörn meistaraverkefnis.

Hlutverk náms- og matsnefndar

Náms- og matsnefnd í félagsvísindum hefur yfirumsjón með framhaldsnáminu í umboði deildarfundar.

Náms- og matsnefnd samþykkir eða hafnar umsóknum að fenginni umsögn umsjónarmanns framhaldsnáms, hefur eftirlit með gæðum námsins, tilnefnir prófdómara vegna meistaraverkefna og úrskurðar um álitamál sem upp kunna að koma.

Hlutverk sviðsskrifstofu

Sviðsskrifstofa veitir almennar upplýsingar um meistaranámið til umsækjenda. Jafnframt er þar sinnt almennri umsýslu, t.d. vegna erinda frá nemendum og stofubókana.

Skil meistararitgerða

Skila þarf meistararitgerð í rafrænni útgáfu og einu innbundnum eintökum minnst þremur vikum fyrir vörn ritgerðar. Á vorönn skal ritgerð skilað í síðasta lagi 10. maí en á haustönn í síðasta lagi 10. Nóvember. Ekki er heimilt að veita frest á skilum ritgerðar.

Mat á meistararitgerðum

Prófdómari og leiðbeinandi gefa báðir einkunnir fyrir meistararitgerð og telst hún samþykkt ef báðir gefa að lágmarki einkunnina 5,0.

Umsjónarmaður meistaránáms ber ábyrgð á einkunnaskilum. Hann getur óskað eftir áliti annars prófdómara ef verulega munar á einkunnum prófdómara og leiðbeinanda eða verulegs ósamræmis gætir milli meistararitgerða.

Meðaltal einkunna prófdómara og leiðbeinanda gildir sem lokaeinkunn fyrir meistararitgerð.

Meistaránám í félagsvísindum

Prófgráða

Boðið er upp á 120 ECTS eininga rannsóknatengt meistarapróf (M.A.) í félagsvísindum (e. Master of Arts in Social Sciences).

Með félagsvísindum er átt við þær fræðigreinar sem nálgast samband einstaklings og samfélags með vísindalegri aðferðafræði. Meðal þeirra fræðigreina sem almennt eru taldar til félagsvísinda má nefna afbrotufræði, félagsfræði, fjölmiðlafræði, mannfræði, sálfræði og stjórnmálafræði, en nemendur í meistaránámi í félagsvísindum við HA geta jafnframt lagt áherslu á greinar á borð við hagfræði, heimspeki, menningarfræði, nútímafræði eða sagnfræði.

Námið veitir afar góðan undirbúning fyrir margvísleg störf sem krefjast þekkingar, leikni og færni við söfnun og úrvinnslu gagna, yfirsýnar um rannsóknir á ólíkum sviðum og faglegra, sjálfstæðra vinnubragða. Námið veitir jafnframt mjög góðan undirbúning fyrir doktorsnám í hug- og félagsvísindum við innlenda jafnt sem erlenda háskóla.

Uppbygging námsins

Nemandi skal ljúka 30 ECTS einingum í námskeiðum á meistarastigi við Háskólann á Akureyri eða aðra innlenda eða erlenda háskóla. Námskráin er sérsniðin að þörfum og áhugasviði hvers nemanda. Heimilt er að taka öll námskeið á einu misseri eða dreifa þeim yfir námstímamann.

Nemandi skal ljúka 90 ECTS eininga rannsóknarverkefni undir leiðsögn leiðbeinanda. Í lok fyrsta misseris kynnir nemandi rannsóknaráætlun sína og fær samþykki fyrir henni.

Meistararitgerðin getur verið ein samfelld ritgerð eða tvær ritryndar tímaritsgreinar ásamt inngangi. Lengd ritgerðar er háð viðfangsefni og efnistöfum en almennt skal miðað við að 90 ECTS MA ritgerð í félagsvísindum sé að lágmarki 20.000 orð en að hámarki 40.000 orð.

Náminu lýkur með vörn meistararitgerðar með þátttöku meistaraneftndar og prófdómara.

Umsókn um nám

Umsækjandi skal hafa lokið bakkalárprófi (B.A., B.S. eða B.Ed) við viðurkenndan háskóla með fyrstu einkunn (7,25).

Inntaka í meistaránám er háð því að fastur kennari við félagsvísindadeild HA með sérþekkingu á viðkomandi sviði sé tilbúinn að leiðbeina nemandanum. Umsjónarmaður meistaránáms aðstoðar væntanlega nemendur við að finna leiðbeinendur ef óskað er.

Umsækjandi og væntanlegur leiðbeinandi útbúa í sameiningu stutta lýsingu á rannsóknarhugmynd, tillögu að skipan meistaraneftndar og sérsniðna námsskrá nemandans (sjá nánar viðauka 1).

Umsóknarfrestur um nám rannsóknartengt meistaránám í félagsvísindum er opinn allt skólaárið. Umsóknarfrestur um nám í fjölmiðla- og boðskiptafræði er til 5. júní vegna haustmisseris. Umsóknum skal skilað til nemendaskrár Háskólans á Akureyri. Náms- og matsnefnd í félagsvísindum fjallar um umsóknir og tekur afstöðu til þeirra í samráði við umsjónarmann framhaldsnáms.

Námsmarkmið meistaranáms í félagsvísindum

Þekking

Að loknu meistaranámi í félagsvísindum á nemandinn að hafa þekkingu á:

- tilteknu rannsóknarsviði innan félagsvísindanna
- þeim kröfum sem gerðar eru til fræðilegra rannsóknaráætlana og meginþáttum umsókna um rannsóknarstyrki
- a.m.k. einni tegund meginlegrar eða eigindlegrar aðferðafræði sem uppfyllir kröfur til birtingar á ritrýndum vettvangi
- helstu ritrýndu tímaritum á tilteknu rannsóknarsviði og þeim kröfum sem gerðar eru til ritrýndrar birtingar á rannsóknarniðurstöðum

Leikni

Að loknu meistaranámi í félagsvísindum á nemandinn að hafa leikni til að:

- tileinka sér stöðu þekkingar á öðrum sviðum félagsvísinda
- skrifa rannsóknaráætlanir og umsóknir um rannsóknarstyrki
- skilgreina viðfangsefni nýrra rannsókna, setja fram rannsóknaspurningar og velja viðeigandi rannsóknaraðferðir til að svara þeim spurningum
- nýta sér eigindlegar eða meginlegar aðferðir við greiningu gagna
- kynna niðurstöður rannsókna fyrir almenningi, faghópum og fræðimönnum
- birta niðurstöður rannsókna á ritrýndum vettvangi

Hæfni

Að loknu meistaranámi í félagsvísindum á nemandinn að hafa hæfni til að:

- skipuleggja og stýra rannsóknarverkefnum á sviði félagsvísinda
- birta rannsóknarniðurstöður á ritrýndum vettvangi
- viðhalda, auka og miðla þekkingu sinni
- stunda doktorsnám eða annað framhaldsnám í félagsvísindum

Framhaldsnám í fjölmiðla- og boðskiptafræði

Prófgráður

Boðið upp á tvö konar prófgráður á þessari námsleið. Annars vegar er 30 ECTS diplómapróf í fjölmiðla- og boðskiptafræði (e. diploma in Media and Communication). Hins vegar er 120 ECTS meistaraþróf (M.A.) í fjölmiðla- og boðskiptafræði (e. Master of Arts in Media and Communication).

Fjölmiðla- og boðskiptafræði er fræðigrein sem á grunni félagsvísinda og að hluta til hugvísinda fjallar um boðskipti og fjölmiðlun í nútíma samfélögum. Greinin tekur til hvers kyns mannlegra boðskipta í félagslegu, pólitísku, og menningarlegu samhengi. Fjölmiðlun mótar heimsýn nútímamannsins og tengist nær öllum sviðum mannlægs samfélags, sem gerir viðfangsefni greinarinnar fjölbreytt en mikilvæg.

Námið veitir góðan undirbúning fyrir rannsóknir, greiningar eða kennslu á vegum stofnana eða fyrirtækja, stjórnunarstörf á fjölmiðlum eða tengdum stofnunum, hjá alþjóðastofnunum, stjórnmalaflokkum, samtökum eða fyrirtækjum sem eiga mikið undir samstarfi við fjölmiðla s.s. auglýsingastofum. Ennfremur í hvers konar störfum sem fast við greiningu og miðlun upplýsinga.

Námið er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands.

Uppbygging námsins

Diplómanámið nemur 30 ECTS og samanstendur af 5 námskeiðum. Námskeið í Diplómanámi fást metin inn í MA nám nái nemandi tilteknum lágmarks árangri.

MA námið skiptist í fræðilegan grunn með skyldunámskeiðum og bundnu vali annars vegar og svo valnámskeiðum og meistaraþróf hins vegar. Námskeiðin eru ýmist sem kennd eru við HÍ og HA. Hluti af skyldunámskeiðum eru í aðferðafræði og eru þau námskeið að mestu kennd við báða skólana. Aðferðafræðinámskeiðin við HA eru í fjarnámi.

Loks er lokaritgerð og valnámskeið en sveigjanleiki er í umfangi lokaritgerðarinnar, þ.e. nemendur geta valið að vinna stærra rannsóknarverkefni og sleppa þá valnámskeiðum á móti.

Inntökuskilyrði

Umsækjandi um diplómanám skal hafa lokið bakkalárprófi við viðurkenndan háskóla.

Umsækjandi um meistaranám skal hafa lokið bakkalárprófi við viðurkenndan háskóla með fyrstu einkunn (7,25) eða hafa lokið diplómanámi í fjölmiðla- og boðskiptafræði með fyrstu einkunn.

Nemendur greiða innritunargjald fyrir hvert skólaár. Nemendur bera allan beinan kostnað við námið, þ.m.t. heimsóknir í fyrirtæki, námsferðir, bókakostnað. o.s.frv.

Námsmarkmið diplómanáms í fjölmiðla- og boðskiptafræðum

Þekking

Að loknu diplómanámi í fjölmiðla- og boðskiptafræðum á nemandinn að hafa þekkingu á:

- helstu kenningum og grundvallarhugtökum í fjölmiðla- og boðskiptafræðum
- fræðilegum viðfangsefnum og álitamálum í fjölmiðla- og boðskiptafræðum
- samspili fjölmiðlunar og boðskipta við aðra grundvallarþætti í samfélagsins , stjórnsmál, efnahagslíf, menningu

Leikni

Að loknu diplómanámi í fjölmiðla- og boðskiptafræðum á nemandinn að hafa leikni til að:

- greina og leggja mat á rannsóknir annarra á fjölmiðlum og boðskiptum
- nýta sér, greina og meta viðeigandi upplýsingalindir, þar á meðal gagnagrunna
- nýta viðeigandi tækni til gagnúrvinnslu, þar á meðal tölfraeðihugbúnað

Hæfni

Að loknu diplómanámi í fjölmiðla- og boðskiptafræðum á nemandinn að hafa hæfni til að:

- nýta sér víðtæka þekkingu sína í fjölmiðla- og boðskiptafræðum til að greina og leggja mat á þróun og breytingar á fræðasviðinu
- takast á hendur frekara nám, viðhalda þekkingu sinni og auka við hana
- rökræða rannsóknir sínar og tengsl þeirra við þekkingargrunn fjölmiðla- og boðskiptafræða

Námsmarkmið meistaranáms í fjölmiðla- og boðskiptafræðum

Þekking

Að loknu meistaranámi í fjölmiðla- og boðskiptafræðum á nemandinn að hafa þekkingu á:

- helstu kenningum og grundvallarhugtökum í fjölmiðla- og boðskiptafræðum
- fræðilegum viðfangsefnum og álitamálum í fjölmiðla- og boðskiptafræðum
- samspili fjölmiðlunar og boðskipta við aðra grundvallarþætti í samfélagsins
- megininkennum og sérkennum íslenskra fjölmiðlaumhverfis og boðskiptahátta
- samfélagslegri og lagalegri stöðu fjölmiðla á Íslandi, hlutverkum þeirra og áhrifum.
- helstu rannsóknaraðferðir sem notaðar eru innan fjölmiðlafræðinnar
- siðfræði vísinda

Leikni

Að loknu meistaranámi í fjölmiðla- og boðskiptafræðum á nemandinn að hafa leikni til að:

- greina og leggja mat á rannsóknir annarra á fjölmiðlum og boðskiptum
- færa rök fyrir eigin úrlausnum
- nýta sér, greina og meta viðeigandi upplýsingalindir, þar á meðal gagnagrunna
- nýta viðeigandi tækni til gagnúrvinnslu, þar á meðal tölfræðihugbúnað
- skipuleggja og stjórna rannsóknir á sérsviði sínu á viðurkenndan hátt
- gera rannsóknáætlun eða styrkumsókn
- rita vísindalega útdrætti, greinar og skýrslur
- greina og miðla tölulegum upplýsingum
- vinna að verkefnum og rannsóknum í samstarfi við mismunandi fræðasvið og greinar

Hæfni

Að loknu meistara í fjölmiðla- og boðskiptafræðum á nemandinn að hafa hæfni til að:

- greina og leggja mat á þróun og breytingar á fræðasviðinu og sinna ráðgjöf
- skilgreina á sjálfstæðan og faglega hátt rannsóknarviðfangsefni, setja fram rannsóknarspurningar og tilgátur og hafa frumkvæði að eigin rannsóknum
- nýta tölfræðilegar aðferðir við greiningu gagna og útskýra kosti þeirra og takmarkanir
- nýta eigindlegar aðferðir við greiningu gagna og útskýrt kosti þeirra og takmarkanir
- eiga frumkvæði að rannsóknarverkefnum á sínu sérsviði, stýra slíkum verkefnum og borið ábyrgð á vinnu einstaklinga og hópa
- greina á skýran og ótvíræðan hátt frá flóknum fræðilegum viðfangsefnum og /eða fræðilega rökstuddum niðurstöðum, bæði meðal sérfræðinga og leikmanna
- setja fram og lýsa fjölmiðlafræðilegum rannsóknarniðurstöðum á erlendu tungumáli
- takast á hendur frekara nám, viðhaldið þekkingu sinni og aukið við hana

Viðauki 1. Reglur um rannsóknatengt meistaranám í félagsvísindum

1. gr.

Rannsóknatengt meistaranám í félagsvísindum.

Við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri er boðið upp á rannsóknatengt meistaranám til M.A. prófs í félagsvísindum. Námið byggir á einstaklingsbundinni leiðsögn.

Rannsóknatengt meistaranám í félagsvísindum er 120 ECTS eininga nám. Meistaránamið felur í sér námskeið til 30 eininga og meistararitgerð til 90 eininga.

Hámarkstími námsins skal vera fjögur ár. Náms- og matsnefnd í félagsvísinda- og lagadeild getur veitt undanþágu frá þeim tímamörkum.

2. gr.

Inntökuskilyrði og meðferð umsókna.

Umsækjandi skal hafa lokið bakkalárprófi við viðurkenndan háskóla með fyrstu einkunn (7,25).

Umsækjandi velur sér leiðbeinanda og aflar samþykkis hans fyrir hugmynd að meistararitgerð. Umsækjandi og væntanlegur leiðbeinandi útbúa í sameiningu umsókn með stuttri lýsingu á rannsóknarhugmynd, tillögu að skipan meistaraneftdar og sérsniðinni námsskrá fyrir nemandann.

Umsóknum skal skilað til nemendaskrár Háskólans á Akureyri. Umsóknarfrestur um rannsóknatengt meistaranám er opinn allt skólaárið. Umsóknarfrestur um fjölmiðla- og boðskiptafræði er til 5. júní vegna haustmissis. Nám- og matsnefnd getur veitt undanþágu frá þeim tímamörkum.

3. gr.

Hlutverk náms- og matsneftdar í félagsvísinda- og lagadeild í rannsóknatengdu meistaranámi

Náms- og matsnefnd í félagsvísinda- og lagadeild hefur yfirumsjón með meistaranáminu í umboði deildarfundar félagsvísinda- og lagadeildar.

Nefndin samþykkir eða hafnar umsóknum að fenginni umsögn umsjónarmanns framhaldsnáms, hefur eftirlit með gæðum námsins, tilnefnir prófdómar vegna meistaraverkefna og úrskurðar um álitamál sem upp kunna ða koma.

4. gr.

Umsjónarmaður meistaranáms í félagsvísindum.

Umsjónarmaður meistaranáms í félagsvísindum er kosinn á deildarfundum í félagsvísinda- og lagadeild til tveggja ára í senn. Hann skal vera fastur kennari við félagsvísinda- og lagadeild með doktorspróf eða prófessorshæfi í félagsvísindum.

Umsjónarmaður meistaranáms yfirfer umsóknir og gerir tillögu til námsneftdar í félagsvísindum um afgreiðslu þeirra. Hann leiðbeinir jafnframt væntanlegum umsækjendum um umsóknarferlið og hefur milligöngu um val á leiðbeinanda ef þörf krefur.

Umsjónarmaður skal jafnframt vera meistaraneftum, leiðbeinendum og náms- og matsneftnd í félagsvísinda- og lagadeild til ráðgjafar í álitamálum sem upp kunna að koma.

Umsjónarmaður skipuleggur mánaðarlegar rannsóknamálastofur með þátttöku meistaranefta, kennara og annarra fræðimanna. Honum skal boðið að vera viðstaddur kynningu á

rannsóknaráætlun og vörn meistararitgerðar.

5. gr.

Leiðbeinandi í rannsóknartengdu meistaranámi.

Leiðbeinandi í rannsóknartengdu meistaranámi skal hafa doktorspróf eða dósentshæfi í félagsvísindum. Leiðbeinandi skal vera viðurkenndur sérfræðingur á því sviði sem meistarnemi hyggst skrifa meistararitgerð. Heimilt er að skipta leiðsögn milli tveggja kennara og skal þá a.m.k. annar þeirra hafa doktorspróf.

Leiðbeinandi skal að jafnaði gegna fastri stöðu við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri. Náms- og matsnefnd getur þó að fenginni tillögu umsjónarmanns meistaranámsins samþykkt utanaðkomandi leiðbeinanda sem uppfyllir ofangreind skilyrði um hæfi.

Leiðbeinandi samþykkir rannsóknarhugmynd umsækjanda, gerir tillögu um skipan meistaraneftdar nemandans og leiðbeinir meistaranefta í lokaverkefni. Leiðbeinandi er jafnframt formaður meistaraneftdar nemandans.

6. gr.

Meistaraneftnd nemanda.

Í meistaraneftnd nemanda sitja leiðbeinandi og tveir sérfræðingar á sviði meistararitgerðar tilnefndir af leiðbeinanda í samráði við nemanda. Náms- og matsneftnd skal samþykkja skipan meistaraneftdar. Sérfræðingar í meistaraneftnd skulu hafa lokið meistaraprófi hið minnsta og hafa stundað rannsóknir sem tengjast efni fyrirhugðarar meistararitgerðar.

Hlutverk meistaraneftdar er að samþykkja rannsóknaráætlun og námsáætlun meistaraneftans, veita stuðning við ritun meistararitgerðar og samþykkja hana til meistaraprófs að lokinni vörn.

7. gr.

Námsskrá nemanda.

Leiðbeinandi og nemandi í rannsóknartengdu meistaranámi gera í sameiningu tillögu til námsneftdar að námsskrá nemandans. Námsskráin skal samsvara 30 ECTS hið minnsta.

Í námsskrá skal koma fram hvaða námskeið nemandinn hyggst taka við Háskólann á Akureyri eða við aðra innlenda eða erlenda háskóla. Heimilt er að gera breytingar á námsskrá nemandans með samþykki náms- og matsneftdar í félagsvísinda- og lagadeild.

Skilgreina má einstök námskeið á bakkalárstigi við félagsvísinda- og lagadeild HA sem meistaránámskeið með samþykki viðkomandi kennara og náms- og matsneftdar í félagsvísinda- og lagadeild. Hafi nemandi tekið námskeiðið á bakkalárstigi er honum ekki heimilt að endurtaka það á meistarastigi. Slík námskeið geta að hámarki talist 12 ECTS samanlagt til meistaraprófs í félagsvísindum.

Leiðbeinanda er jafnframt heimilt að skipuleggja sérstakt lesnámskeið á meistarastigi um viðfangsefni ritgerðarinnar. Námskeiðslýsing skal samþykkt af náms- og matsneftnd í félagsvísindum. Slík námskeið geta að hámarki talist 12 ECTS samanlagt til meistaraprófs í félagsvísindum.

8. gr.

Rannsóknaráætlun nemanda.

Nemandi í rannsóknartengdu meistaranámi skal skila rannsóknaráætlun vegna meistararitgerðar fyrir lok fyrsta misseris.

Í rannsóknaráætlun skal vera stutt yfirlit um stöðu þekkingar á sviði fyrirhugaðrar ritgerðar, skilgreining viðfangsefnis og helstu rannsóknaspurninga, lýsing á fyrirhuguðum aðferðum og tíma- og kostnaðaráætlun.

Hyggist nemandi byggja ritgerðina á ritrýndum greinum skal jafnframt lýsa fyrirhuguðu efni þeirra og hugsanlegum birtingarmöguleikum.

Rannsóknaráætlun telst hluti vinnu við meistararitgerð og eru einingar veittar vegna hennar. Meistaraneми skal kynna rannsóknaráætlun sína og hljóta einróma samþykki meistaraneфndar sinnar fyrir henni.

9. gr.

Meistararitgerð í rannsóknatengdu meistaránámi í félagsvísindum.

Meistaraprófsritgerðir í rannsóknatengu meistaránámi í félagsvísindum geta verið ein ritgerð eða tvær ritrýndar rannsóknagreinar ásamt fræðilegum inngangi.

Sé ritgerð byggð á tveimur ritrýndum rannsóknagreinum skulu þær mynda heild að mati meistaraneфndar og skal samfelli þeirra lýst með fullnægjandi hætti í fræðilegum inngangi. Nemandi skal vera fyrsti höfundur beggja greina.

Ritrýndar teljast þær greinar sem birtast í tímaritum í gagnagrunni ISI, tímaritalista ERIH eða lista stigamatsneфndar ríkisháskólanna. Jafnframt getur umsjónarmaður meistaránáms látið ritrýna ritgerðir meistaraneма og á þeim grundvelli samþykkt þær sem hluta meistararitgerðar.

Heimilt er að skipta meistararitgerð í allt að þrjá áfanga með skýrt afmörkuðum vörðum og skipta einingum vegna ritgerðarinnar milli slíkra áfanga.

Meistararitgerð skal skilað í á því formi sem reglur Háskólans á Akureyri segja til um. Ritgerðir mega vera á íslensku eða ensku en útdráttur skal vera á báðum tungumálum.

10. gr.

Skil meistararitgerðar.

Skila þarf meistararitgerð í rafrænni útgáfu og einu innbundnu eintaki minnst þremur vikum fyrir vörn. Á vorönn skal ritgerð skilað í síðasta lagi 10. maí en á haustönn í síðasta lagi 10. nóvember. Ekki er heimilt að veita frest á skilum meistararitgerðar.

11. gr.

Samþykkt meistararitgerðar.

Vörn meistararitgerðar felst í því að nemandinn flytur opinn fyrirlestur um efni hennar. Að loknum fyrirlestrinum svarar nemandinn spurningum meistaraneфndar og prófdómara sem skipaður er af náms- og matsneфnd í félagsvísindum.

Prófdómari og leiðbeinandi gefa báðir einkunnir fyrir meistararitgerð og telst hún samþykkt ef báðir gefa að lágmarki einkunnina 5,0.

Umsjónarmaður meistaránáms ber ábyrgð á einkunnaskilum. Hann getur óskað eftir áliti annars prófdómara ef verulega munar á einkunnum prófdómara og leiðbeinanda eða verulegs ósamræmis gætir milli meistararitgerða.

Meðaltal einkunna prófdómara og leiðbeinanda gildir sem lokaeinkunn fyrir meistararitgerð.

Viðauki 2. Reglur um framhaldsnám í fjölmiðla- og boðskiptafræði

Reglur um meistaranám í fjölmiðla- og boðskiptafræði við Háskólann á Akureyri

1. gr.

Framhaldsnám í fjölmiðla- og boðskiptafræðum.

Háskólinn á Akureyri í samstarfi við Háskóla Íslands býður upp á framhaldsnám í fjölmiðla- og boðskiptafræði. Tvenns konar námsleiðir eru á þessari námsleið. Annars vegar er 30 eininga diplómanám og hins vegar 120 eininga MA nám. Námið er samstarfsverkefni háskólanna og eru námskeið ýmist kennd frá Háskólanum á Akureyri eða Háskóla Íslands.

2. gr.

Inntökuskilyrði og meðferð umsókna.

Nemendur hafi lokið a.m.k. BA, BS eða BEd prófi í einhverri grein. Fyrstu einkunnar er krafist í MA námið, en í Diplómanám geta nemendur með lægri einkunn farið og nái þeir 1. einkunn í Diplómanáminu geta þeir haldið áfram í MA nám. Námskeið í Diplómanámi eru metin inn í MA námið, náist tilskilinn árangur.

3. gr.

Uppbygging námsins.

MA námið skiptist í fræðilegan grunn með skyldunámskeiðum og bundnu vali annars vegar og svo valnámskeiðum og meistararitgerð hins vegar. Námskeiðin eru ýmist sem kennd eru við HÍ og HA. Hluti af skyldunámskeiðum eru í aðferðafræði og eru þau námskeið að mestu kennd við báða skólana. Aðferðafræðinámskeiðin við HA eru í fjarnámi. Loks er lokaritgerð (30 ECTS) og valnámskeið en sveigjanleiki er í umfangi lokaritgerðarinnar, þ.e. nemendur geta valið að vinna stærra rannsóknarverkefni (60 ECTS) og sleppa þá valnámskeiðum á móti. Diplómanámið nemur 30 ECTS og samanstendur af 5 námskeiðum. Námskeið í diplómanámi fást metin inn í MA nám nái nemandi tilteknum lágmarks árangri.

4. gr.

Rannsóknaráætlun nemanda

Rannsóknaráætlunin er formleg yfirlýsing um hvernig nemandinn hyggst framkvæma rannsóknina í meistaraþrófsverkefni sínu. Markmið áætlunarinnar er að afmarka verkefnið, skýra tilgang þess og skilgreina rannsóknarspurningar og aðferðir. Rannsóknaráætlun er jafnframt áætlun um framkvæmd verkefnisins og þar er gerð grein fyrir framlagi þess og gildi.

Í rannsóknaráætlun þurfa eftirfarandi þættir að koma fram:

- kynning á verkefninu, lýsing á viðfangsefninu og afmörkun efnisins
- greinargerð um markmið verkefnisins, rannsóknarspurningar og/eða önnur álitamál sem verkefninu er ætlað að varpa ljósi á
- rök fyrir vali á verkefni og hvernig það tengist reynslu eða áformum nemandans
- stutt lýsing á fræðilegum bakgrunni (stöðu þekkingar á rannsóknasviðinu) og skýringar á hugtökum eftir því sem við á

- greinargerð um þær rannsóknaraðferðir sem verður beitt, hvernig staðið verður að gagnasöfnun, greiningu og úrvinnslu gagnanna
- umfjöllun um siðferðileg álitamál, ef þarf, og hvaða leyfa verður aflað fyrir rannsókninni, ef við á.
- greinargerð um vísindalegt og/eða hagnýtt gildi verkefnisins
- framkvæmda- og tímaáætlun

Framlögð rannsóknaráætlun er metin af leiðbeinanda.

5.gr.

Meistaraprófsritgerðin

Meistaraprófsritgerð er lokaverkefni í meistaranámi og byggir á sjálfstæðri rannsókn eða starfstengdu rannsóknar- og þróunarverkefni. Lokaverkefni til meistaraprófs skal vera einstaklingsverkefni. Markmið lokaverkefnis er að þjálfa nemendur í sjálfstæðum fræðilegum vinnubrögðum. Meistaraprófsritgerðir í fjölmiðla- og boðskiptafræði eru að jafnaði 30 einingar (en geta verið 60 einingar).

Val verkefnis og vinnan við það er fyrst og fremst á ábyrgð nemandans í samráði við leiðbeinanda. Í rannsóknarnámi fær nemandi leiðbeinanda við inntöku. Í umsókn skrifar nemandi drög að rannsóknaráætlun og tiltekur leiðbeinanda.

Heimilt er að hafa meðleiðbeinanda í lokaverkefnum. Mikilvægt er að verkaskipting sé skýr ef um tvo leiðbeinendur er að ræða. Slíkt verður alltaf að gera í samráði við deildina og aðalleiðbeinanda. Mikilvægt er að velja efni snemma á námsferli svo hægt sé að velja valnámskeið sem styðja við lokaverkefni.

Lengd meistaraprófsritgerða er háð því hvers konar verkefni er um að ræða, einingafjölda þess og efnistöku. Miðað skal við að 30 eininga meistaraprófsritgerð sé að jafnaði 20.000 orð en 60 eininga ritgerð að jafnaði 40.000 orð.

6.gr.

Hlutverk leiðbeinanda

Leiðbeinandi gerir nemandanum grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru til lokaverkefnis, veitir honum hvatningu og aðhald við vinnu við það.

Leiðbeinandi ráðleggur nemandanum um eftirfarandi atriði:

- afmörkun efnisins
- heimildaleit
- skilgreiningu markmiða og rannsóknaspurninga
- gerð rannsóknaráætlunar
- öflun rannsóknargagna, úrvinnslu þeirra og greiningu
- framsetningu á niðurstöðum
- ritgerðarsmíðina í heild

Leiðbeinandi fylgist með framvindu verksins og metur það með hliðsjón af rannsóknar- og námsáætlun.

Leiðbeinandi aðstoðar nemanda við að takast á við vandamál sem upp koma svo sem siðferðileg álitamál í rannsóknavinnunni, aðferðafræðileg álitamál eða annað.

Leiðbeinandi tekur þátt í lokamati á meistaraprófsritgerð ásamt prófdómara.

Báðir aðilar (leiðbeinandi og nemandi) geta gert kröfu um reglubundin samskipti meðan unnið er að verkinu.

7. gr.

Hlutverk nemenda

Nemandinn er ábyrgur fyrir námi sínu og ætlast er til sjálfstæðra vinnubragða af hálfu nemenda í meistaranámi.

Nemandinn vinnur rannsóknaráætlun í samráði við leiðbeinanda, gerir tímaáætlun fyrir verkefnið og lok þess.

Nemandinn skipuleggur með leiðbeinanda hvers konar leiðsögn muni henta best.

Nemandinn skal hafa frumkvæði að því að semja um fundi með leiðbeinanda sínum og semja um vinnu á milli funda.

Nemandinn vinnur þau verkefni sem um semst við leiðbeinandann.

Nemandinn leyfir leiðbeinanda að fylgjast með framvindu verkefnisins. Þetta á einnig við á þeim tímabilum þar sem nemandi og leiðbeinandi hittast ekki.

Nemandinn hefur samráð við leiðbeinanda um hvenær skila skal meistaraprófsritgerð til mats.

8. gr.

Skipt um leiðbeinanda

Hætti leiðbeinandi störfum, eða er fjarverandi vegna rannsóknamisseris, veikinda eða af öðrum ástæðum getur verið nauðsynlegt að fá annan aðila til samvinnu um leiðbeiningu nemandans. Þá getur samstarfsgrundvöllur nemandans og leiðbeinanda brostið, til dæmis ef annar aðilinn telur að hinn hafi ekki uppfyllt skyldur sínar. Í slíkum tilvikum geta bæði nemandinn og leiðbeinandinn óskað eftir því við deildarstjóra að vera leystur frá samstarfinu.

9. gr.

Skil meistararitgerðar.

Skila þarf meistararitgerð í rafrænni útgáfu og einu innbundnu eintaki minnst þremur vikum fyrir vörn. Á vorönn skal ritgerð skilað í síðasta lagi 10. maí en á haustönn í síðasta lagi 10. nóvember. Ekki er heimilt að veita frest á skilum meistararitgerðar.

10. gr.

Samþykkt meistararitgerðar.

Í meistaraprófi skal nemandi flytja opinn fyrirlestur um meistararitgerðina. Að loknum fyrirlestrinum svarar nemandinn spurningum meistaranefndar og prófdómara sem skipaður er af matsnefnd í félagsvísindum.

Prófdómari og leiðbeinandi gefa báðir einkunnir fyrir meistararitgerð og telst hún samþykkt ef báðir gefa að lágmarki einkunnina 5,0.

Umsjónarmaður meistaranáms ber ábyrgð á einkunnaskilum. Hann getur óskað eftir áliti annars prófdómara ef verulega munar á einkunnum prófdómara og leiðbeinanda eða verulegs ósamræmis gætir milli meistararitgerða.

Meðaltal einkunna prófdómara og leiðbeinanda gildir sem lokaeinkunn fyrir meistararitgerð.

Viðauki 3. Námsáætlun í rannsóknatengdu framhaldsnám

Nafn: _____ Kt.: _____ - _____

Tölvupóstur: _____ Sími: _____

Lýsing á rannsóknarhugmynd (hámark 300 orð):

Námsskrá í rannsóknatengdu meistaranámi:

Númer	Heiti námskeiðs	ECTS	Misseri	Háskóli
Samtals				

Námsskrá skal að lágmarki 30 ECTS einingar á meistarastigi

Meistaranevnd í rannsóknatengdu meistaranámi:

Nafn	Kennitala	Prófgráða	Sérsvið	Hlutverk
				leiðbeinandi
				sérfræðingur
				sérfræðingur

Dagsetning

Undirskrift umsækjanda

Dagsetning

Samþykki leiðbeinanda

Dagsetning

Samþykki umsjónarmanns meistaranáms